

Aðgengishópur

Fundur 05.12.2022 kl 11 í Bæjarráðssal

Mætt: Hildur Rós Guðbjargardóttir, Egill Fjeldsted, Sóley, Stefán og Sigurjón Ólafsson.

Fjarverandi: Margrét Vala Marteinsdóttir

Gestir: Halldór Ingólfsson og Ishmael Roberto David

Fundarritari: Sigurjón Ólafsson

Fundargerð

- Rætt um stöðu aðgengismála á sviði gatnamála, lýsingar og sorphirðu. Farið var yfir ábendingar sem hafa borist á samráðsvettvangnum Betri Hafnarfirði. Að sögn Halldórs og Ishmael hefur ekki verið sérstakt átak í aðgengismálum eða sérstök fjárveiting. Hugað er að aðgengismálum í nýjum verkefnum svo sem varðandi gangstéttar. Í eldri framkvæmdum eru víða háir kantar sem þarf að lagfæra. Í spjallinu kom fram nauðsyn á því að fá úttekt sambærilega þeirra sem var unnin á byggingum bæjarins. Hildur Rós upplýsti að hún hefði óskað eftir slíkri úttekt í umhverfis- og framkvæmdaráði sem hafi verið samþykkt að fara í. Ýta þarf eftir því.
- Farið var stuttlega yfir punkta Hildar Rósar fyrir aðgengisstefnu bæjarins. Punktarnir eru komnir á Teams svæði hópsins
- Næsti fundur verður boðaður í janúar 2023 og óskað verður eftir því að Hildur Bjarnadóttir byggingafulltrúi mæti á fundinn til að ræða aðgengismál. Boða þarf Sjöfn Guðmundsdóttur sem er aðgengisfulltrúi bæjarins á næsta fund.

Fleira var ekki gert. Stefnt er að nýjum fundi í byrjun nýs árs.